



**24.fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga, kjörtímabilið 2018-2022, haldinn í fjarfundi á TEAMS, 03.nóvember 2020, kl.08:00.**

**Mætt: Eyþór H. Ólafsson formaður, Helgi S Haraldsson, Kjartan Björnsson, Kristín Magnúsdóttir og Halldóra Hjörleifsdóttir, varamaður Árna Eiríkssonar. Einnig sat fundinn Ingibjörg Garðarsdóttir.**

**1. Fjárhagsáætlanir 2021.**

**# Brunavarnir Árneseyslu. Framhaldið af síðasta fundi. Breytingar komnar inn á fjárfestingar upphæðum. Einnig skýring á launaáætlun ársins 2021. Samþykkt að leggja áætlunina fyrir Haustfund HÁ.**

**# Almannavarnir Árneseyslu. Framhaldið af síðasta fundi. Ákveðið að fá skýrslu frá sameiginlegum starfsmanni með lögreglustjóra og sýslum fyrir austan okkur, um störf hans á sl. fyrir sveitarfélögin í Árneseyslu og Almannavarnir Árneseyslu. Lagt til að umræða um áframhald þessa samstarfs verði rædd á Haustfundi HÁ.**

**# Byggðasafn Árneseinga. Framhaldið af síðasta fundi. Skýringar á launaáætlun komnar frá safnstjóra. Áætlun um kostnað vegna flutninga mikill. Stjórnin beinir því til safnstjóra og stjórnar safnsins að gera áætlanir um flutninga úr Hafnarbrú í Búðarstíg svo þeir taki styttri tíma og verði ódýrari.**

**# Héraðsnefnd Árneseinga. Fjárhagsáætlun ársins 2021 lögð fram og samþykkt að leggja hana fyrir Haustfund HÁ.**

**2. Húsnæðismál Héraðsskjalsafns Árneseinga. Farið yfir stöðu mála og næstu skref. Samþykkt að leggja fram nokkra valkosti fyrir Haustfund HÁ.**

**3. Sýslumannstún á Selfoss. Verið er að leita í gömlum gögnum sýslunefndarinnar varðandi eignarhaldið sú vinna stendur en yfir. Málið verður aftur tekið fyrir þegar finnast frekari upplýsingar.**

4. **Alviðra- Öndverðarnes.** Í framhaldi af erindi til Landverndar frá framkvæmdastjórn, um skoðun og möguleika á að Alviðru og Öndverðarnesi verði skipt upp á milli Landverndar og HÁ, hefur komið svar frá aðalfundi Landverndar og stjórn hennar. Í því kemur fram að afstaða samtakanna er jákvæði til þess að taka upp umræður um tillöguna. Óskað er eftir viðræðum um tillöguna og hugmyndina að friða Öndverðarnes.

**Fundi slitið kl. 09.04.**

**Helgi Sigurður Haraldsson ritaði fundargerð.**